

virðist hún hæfilega metin af undirdómaranum 30 kr., er renni í landssjóð, eða til vara 8 daga einfalt fangelsi; og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað og sekt fyrir óþarfa þrætu, ber að öllu leyti að staðfesta hann. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi Valdimar Ásmundarson greiði stefnda Pálma Pálssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að vidlagri aðför að lögum.

Nr. 20/1897:

Rjettvisin

gegn

Sveini Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Barðastrandarsýslu, gengnum 26. ágústmán. f. á., var hinn ákærði Sveinn Guðmundur Sigurðsson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og braud og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans í hjeradi, Ólafs Jóhannessonar, 4 kr.

Dómi þessum hefur verið áfrýjad til lands-

yfirrjettarins eptir beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Það er sannað í málinu með eigin játningu hins ákærða, sem er fæddur 6. ágúst 1876 og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, og öðrum skýrslum í málinu, að hann, þegar hann átti heima á Kirkjubóli, tók ótrjálsri hendi fáa sykurmola úr læstri kistu, sem hann opnaði með hinum rjetta lykli, er stóð í skránni; ákærði var þá ekki 15 ára gamall. Um sumarið 1894 eyddi hann í eigin þáfir 25 aukum, er honum höfðu verið fengnir til þess að borga flutningsgjald á böggli. Sumarið 1895 fór hann tvisvar í kofort húsbónda síns og tók úr því lítið eitt af sykri og 2 braudkökur; í fyrra skiptið var kofortið læst og fór hann í það með rjettum lykli, er hjekkt fyrir ofan rúm eigandans, húsbónda hans, en í hitt skiptið var kofortið opið; enn ætlaði hann og í þriðja skiptið að taka eitthvað ætt úr kofortinu, en var þá hindraður af húsbónda sínum. Þá tók hann sama sumar úr læstum hjalli húsbónda síns 2 rauðmaga og 1 grásleppuband, er hann dró út um gat á rjáfri hjallsins með goggi. Það, sem hann þannig tók, át hann þegar í stað, að svo miklu leyti, sem það ekki var tekið af honum. Þá hefur ákærði enn játað, að hann haustið og veturinn 1895—96 hafi tekið skæri frá konu Sturlu Ólafssonar, bónda á Vindheimum, íslenzka leður-skó frá nefndum bónda og barnsvetlinga, er kvennmaður á Kvígindisfelli átti. Skærin höfðu verið keypt fyrir 2 kr., en skórnir hafa verið taldir

50—60 aura virði. Þessir munir eru aptur fengnir rjettum eigendum. Um iðgjöld er því ekki að ræða.

Fyrsta brot framdi ákærði innan 15 ára aldrs; á það undir 237. gr. alm. hegningarlaga og verður því ákærða samkv. 37. gr. hegningarlaga eigi refsað fyrir það. Taka ákærða á ofan um getnum 25 aurum á undir 256. gr. hegnl. og matvælataka ákærða á undir 237. gr. hegnl.; en þar sem rjettir hlutadeigendur ekki hafa krafizt, að málsókn væri hafin gegn ákærða, verður hann ekki dæmdur fyrir þessi brot. En taka ákærða á skærunum, leðurskónum og vetlingunum er þjófnadur, sem á undir 230. gr. hegnl., og virðist hegning sú, sem hjeradsdómarinn hefur dæmt hann í. 5 daga fangelsi við vatn og brauð, hæfleg; og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað, ber að öllu leyti að staðfesta hann.

Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lög-mæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskadur. Ákærði Sveinn Guðmundur Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með



talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, setts málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlímánaðar.

Nr. 10/1897:

Jón Valdason

gegn

Jóni Hjörleifssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu 14. nóv. f. á. var áfrýjandinn Jón bóndi Valdason á Steinum dæmdur samkvæmt 218. sbr. 217. gr. alm. hegningarlaga í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi, fyrir meiðyrði um stefnda Jón hreppstjóra Hjörleifsson á Eystri-Skógum. Svo voru og hin ærumeiðandi orð með dóminum dæmd dauð og ómerk og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 20 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. febr. þ. á., og hefur hann krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærurum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur í hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins. Hinna stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og